

# Kærunefnd útlendingamála

## Viðmið vegna frestunar réttaráhrifa á úrskurðum kærunefndar í málum vegna alþjóðlegrar verndar

14. apríl 2023

### 1. Inngangur

Tilgangur þessa skjals er að lýsa þeim viðmiðum sem kærunefnd styðst við þegar hún tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til að fresta réttaráhrifum á grundvelli 6. mgr. 104. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Skjalið skapar ekki rétt eða skyldur fyrir aðila eða kærunefnd.

### 2. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 2. másl. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 „getur enginn [...] komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.“ Í þessu ákvæði kemur fram sú meginregla í íslenskum rétti að málskot til dómstóla fresti ekki réttaráhrifum endanlegra stjórnvaldsákvæðana.

Þessi meginregla er áréttuð í 1. másl. 6. mgr. 104. laga um útlendinga en þar segir að málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun á stjórnáskilum um að útlendingur skuli yfirgefa landið fresti ekki framkvæmd hennar.

Að kröfu útlendinga getur kærunefnd útlendingamála þó ákveðið að fresta réttaráhrifum endanlegrar ákvörðunar sé talin ástæða til þess, sbr. 2. másl. 6. mgr. 104. gr. laga um útlendinga. Kröfu um frestun réttaráhrifa þarf að gera ekki síðar en 7 dögum eftir birtingu ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Ef réttaráhrifum úrskurðar er frestað er sú ákvörðun bundin því skilyrði að útlendingur beri málið undir dómstóla innan fimm daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að málið hljóti flýtimeðferð. Sé beiðni um flýtimeðferð synjað skal mál höfðað innan sjö daga frá þeirri synjun. Beiðni skv. 2. másl. 6. mgr. 104. gr. varðar frestun réttaráhrifa í tilteknum tilgangi, þ.e. að fá að dvelja á landinu þar til dómstólar hafa fjallað um lögmæti úrskurðar kærunefndar.

### 3. Viðmið

Niðurstaða um hvort ástæða sé til að fresta réttaráhrifum úrskurðar kærunefndar ræðst af heildstæðu mati á hagsmunum aðila af því að réttaráhrifum úrskurðarins verði frestað og sjónarmiðum sem mæla gegn slíkri frestun. Meðal þeirra sjónarmiða sem litið er til við þetta mat eru:

- hvort framkvæmd úrskurðarins valdi aðila óafturkræfum skaða,
- hvort framkvæmdin feli í sér verulegar hindranir á aðgengi aðila að dómstólum,
- hvort aðstæður sem þýðingu geta haft fyrir málið hafi breyst verulega,
- hvort þörf sé á sérstakri varúð, m.a. með tilliti til hagsmuna barna.

Þá lítur kærunefnd til þess hlutverks stjórnvalda að tryggja skilvirka framkvæmd laga um útlendinga. Í þessu sambandi er bent á að kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnáskilunefnd sem endurskoðar alla þætti ákvörðunar Útlendingastofnunar. Málskot til hennar telst virkt úrræði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. t.d. 13. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Kærunefnd hefur einnig talið það hafa þýðingu fyrir ákvörðun ef ekki var einhugur á meðal nefndarmanna um efnislega niðurstöðu málsins.

Kærunefnd hefur litið til þess að heimild til frestunar réttaráhrifa á úrskurði nefndarinnar er undantekning frá meginreglu sem aðeins sé ætlað að ná til tilvika þar sem ástæða er til þess að fresta framkvæmd. Réttaráhrifum úrskurðar verði því ekki frestað af þeirri ástæðu einni að úrskurðurinn verði borinn undir dómstóla heldur þurfi að liggja fyrir tiltekna ástæður í fyrirbyggjandi máli svo kærunefnd fallist á slíka beiðni.

#### 4. Niðurstaða vegna beiðni um frestun réttaráhrifa

Þar sem frestun réttaráhrifa er undantekning frá meginreglunni um áhrif málskots til dómstóla er algengast að nefndin synji slíkri beiðni. Í beiðni um frestun réttaráhrifa koma stundum fram nýjar upplýsingar sem kalla á endurskoðun úrskurðar kærunefndar um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Kærunefnd hefur í slíkum tilvikum leiðbeint aðilum um að leggja fram beiðni um endurupptöku eða endurupptekið mál að eigin frumkvæði.

#### 5. Dæmi um úrskurði þar sem fallist hefur verið á frestun réttaráhrifa

- || Úrskurður nr. 19/2020 frá 10. janúar 2020. Niðurstaða um hvort taka ætti mál til efnismeðferðar hér á landi réðist af meirihluta tveggja nefndarmanna. Aðilar voru foreldrar með ungt barn og var jafnframt litið til hagsmuna barnsins.
- || Úrskurður nr. 562/2018 frá 13. desember 2018. Niðurstaða um hvort veita átti alþjóðlega vernd réðist af meirihluta tveggja nefndarmanna.
- || Úrskurður nr. 166/2018 frá 5. apríl 2018. Aðilar höfðu dvalið hér á landi í um fjögur ár og á þeim tíma eignast tvö börn. Þessi langi dvalartími aðila og fæðing barna þeirra hér á landi voru talin veða þungt þegar hagsmunir þeirra af því að dvelja áfram hér á landi meðan beiðni væri niðurstöðu dómstóla voru metnir gagnvart hagsmunum tengdum skilvirkni framkvæmdar laga um útlendinga og hlutverki stjórnvalda í því sambandi.
- || Úrskurður nr. 399/2018 frá 26. september 2018. Talið var að andleg heilsa umsækjanda og aðstæður hans í heimaríki gætu valdið því að erfitt yrði fyrir hann að eiga þau samskipti við lögmann sinn sem nauðsynleg væru fyrir rekstur máls hans hér á landi.
- || Úrskurður nr. 477/2018 frá 8. nóvember 2018. Talið var í ljósi heildstæðs mats á aðstæðum umsækjanda í viðtökuríki, en hann þurfti mikinn stuðning vegna hreyfihömlunar, að erfitt yrði fyrir hann að eiga þau samskipti við lögmann sinn sem nauðsynleg væru fyrir rekstur máls hans hér á landi.
- || Úrskurður nr. 91/2015 frá 9. júlí 2015. Umsækjandi, sem var barn að aldri, var í virkri meðferð hér á landi og að mati læknis var samfella í meðferðinni mikilvæg forsenda bata. Kærunefnd taldi að rof á þeirri meðferð og flutningur til heimaríkis gæti valdið honum skaða sem ekki yrði auðveldlega bættur.